

**Hrafnkell Lárusson**

**Ársskýrsla Héraðsskjalasafns  
Austfirðinga**

**2012**



Sjómenn á Eskifirði um 1960. Kristinn Karlsson, Kjartan Björgvinsson og Aðalsteinn Valdimarsson. Þeir Kristinn og Aðalsteinn urðu báðir skipstjórar. Myndina tók Guðrún Jóhannesdóttir fósturmóðir Kristins en myndasafn hennar sem er mikið að vöxtum er varðveitt í Ljósmyndasafni Austurlands.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stjórn og aðalfundur.....	4
Starfsfólk og opnunartími.....	5
Rekstur.....	7
Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni.....	8
Sýningar, útgáfustarf o.fl.....	16
Ljósmyndasafn Austurlands.....	19
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar.....	20
Lokaorð.....	21
Skrá yfir afhendingar á árinu 2012	

## **Forsíðumynd:**

Félagar úr Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs  
vinna við stækkun á Snæfellsskála  
28.-31. ágúst 1987 (50 m<sup>2</sup> viðbygging var  
gerð fókheld á einni helgi). Austramynd.

## Inngangur

Árið 2011 var fjárhagslega erfitt fyrir Héraðsskjalasafnið og var umtalsverður halli á rekstri þess það ár. Strax um mitt ár 2011 var gripið til aðgerða til að mæta hallarekstrinum en þegar kom fram á haustið 2011 varð ljóst að meira þurfti til ef jafnvægi ætti að nást í rekstrinum. Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2012 var leitað eftir hækkun á framlagi sveitarfélaganna til safnsins, en þrátt fyrir jákvæð viðbrögð flestra aðildarsveitarfélaganna treysti Fljótshlíð sér ekki til að hækka framlög sín og þar við sat. Árið 2012 hefur því einkennst af margvíslegum samdrætti í starfseminni. Starfshlutföll drógust verulega saman, opnunartími safnsins var stytur, hætt var að telja gesti sem og erindi og skjalabeidnir, safnið tók ekki þátt í viðburðum sem það hefur alla jafna gert o.s.frv. Það jákvæða er að rekstur safnsins skilar umtalsverðum afgangi á árinu 2012 en sá árangur hefur vissulega verið á kostnað starfseminnar.

Í byrjun árs 2008 hófu starfsmenn Héraðsskjalasafnsins skipulega talningu gesta í safninu, sem og skráningu á fjölda erinda og skjalabeidna. Samdráttur í starfshlutföllum leiddi til að þessari talningu var hætt í byrjun árs 2012. Það var vissulega slæmt enda höfðu á þeim fjórum árum sem talningin var framkvæmd safnast mikilvægar upplýsingar sem varpa ljósi á umfang starfsemi safnsins og hlutverk þess í austfirsku samfélagi. Mikilvægt er fyrir starfsemi safnsins að slík talning verði tekin upp aftur.



Katalínuflugbátur að koma til lendingar á Seyðisfirði um miðja 20. öld. Húsið sem sést er Hótel Snæfell sem Lárus Tómasson byggði á sínum tíma. Myndin er skönnuð eftir mynd í albúmi frá Jóni B. Guðlaugssyni en það var í eigu ömmu hans og afa, Önnu Sigmundsdóttur og Jóns G. Jónssonar .

Afhendingar til safnsins á árinu voru 49 talsins. Af þeim voru 16 myndaafhendingar (tvær þeirra voru jafnframt skjalaafhendingar) og 2 afhendingar á hreyfimynda- og/eða hljóðefni. Aukningu í myndaafhendingum frá árinu 2010 má rekja beint til ljósmyndaverkefnisins.

## Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur Héraðsskjalasafnsins var haldinn þann 22. nóvember í Kaupvangi á Vopnafirði. Fundinn átti upphaflega að halda 2. nóvember en honum var þá frestað vegna illviðris og ófærðar. Þetta var fyrsti aðalfundur Héraðsskjalasafnsins sem haldinn er samkvæmt breyttum stofnsamningi sem tók gildi þann 1. janúar 2012, en í ársskýrslu safnsins fyrir árið 2011 er endurbættur stofnsamningur sem viðauki. Fundinn sóttu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna auk stjórnar og forstöðumanns. Fundargerð aðalfundarins og stjórnarfundar ársins er að finna aftar í þessari ársskýrslu.

Ólafur B. Valgeirsson, stjórnarformaður Héraðsskjalasafnsins, minntist í upphafi aðalfundar tveggja fyrrum starfsmanna safnsins sem létust á árinu, þeirra Sigurðar Óskars Pálssonar, fyrrverandi forstöðumanns safnsins (1984-1996), og Guðgeirs Ingvarssonar skjalavardar. Meginefni aðalfundarins voru annars venjuleg aðalfundarstörf. Við lok fundar kvaddi forstöðumaður sér hljóðs og gerði grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að segja upp starfi sínu frá og með komandi áramótum. Þá ákvörðun sína hafði forstöðumaður kynnt stjórn Héraðsskjalasafnsins og starfsfólki Safnahússins nokkru áður.

Eftirtaldir voru fulltrúar aðildarsveitarfélaga Héraðsskjalasafnsins á aðalfundinum:

Breiðdalshreppur:	Ólafur B. Valgeirsson (umboð)
Djúpavogshreppur:	Ólafur B. Valgeirsson (umboð)
Fjarðabyggð:	Gunnlaugur Sverrisson
Fljótsdalshérað:	Páll Sigvaldason
Fljótsdalshreppur:	Sigmar Ingason
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Vilhjálmur Jónsson
Vopnafjarðarhreppur:	Sigríður Bragadóttir

Enginn fulltrúi mætti fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps.

Skipan stjórnar er óbreytt frá fyrra ári en núverandi stjórn og varastjórn eru skipaðar til hausts 2014. Í stjórn og varastjórn sitja eftirtaldir:

Fjarðabyggð: Pétur Sörensson (aðalmaður), Gunnlaugur Sverrisson (til vara).

Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur:

Ragnhildur Rós Indriðadóttir (aðalmaður), Sigmar Ingason (til vara).

Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur: Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Páll Baldursson (til vara).

Formaður stjórnar eru Ólafur B. Valgeirsson.

Við lok aðalfundar var tilkynnt að aðalfundur Héraðsskjalasafnsins árið 2013 verði haldinn á Fljótsdalshéraði.

Átta stjórnarfundir voru haldnir á árinu (4. janúar, 15. mars, 9. maí, 12. september, 18. október, 22. nóvember, 30. nóvember og 18. desember), fjórir þessara funda voru símafundir (9. maí, 12. september, 18. október og 18. desember). Fundargerðir þeirra allra sem og aðalfundar má sjá á vefsíðu safnsins: [www.heraust.is](http://www.heraust.is)

## Starfsfólk og opnunartími

Í upphafi árs voru fastir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins þrír líkt og verið hafði árin á undan. Samdráttur í stöðugildum var þó umtalsverður en samtals voru föstu starfsmennirnir í 1,75 stöðugildum sem er einu stöðugildi minna en í upphafi árs 2011. Samdráttur í starfshlutföllum á sér fleiri en eina skýringu þó meginástæðan sé erfiður rekstur safnsins á árinu 2011. Samkvæmt samkomulagi við stjórn safnsins var Hrafnkell Lárusson forstöðumaður í 50% starfi á árinu en hann hóf í ársbyrjun doktorsnám í sagnfræði við Háskóla Íslands samhliða starfi sínu fyrir safnið. Starfshlutfall Arndísar Þorvaldsdóttur lækkaði í upphafi árs úr 75% starfi í 50% starf samkvæmt samkomulagi. Guðgeir Ingvarsson var í 75% starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þann 14. febrúar varð Guðgeir bráðkvaddur á heimili sínu. Andlát hans var áfall fyrir safnið enda missti það þar reyndan og samviskusaman starfmann og samstarfsfólk Guðgeirs sá á eftir traustum samstarfsmanni og góðum félagi.

Magnhildur B. Björnsdóttir hóf störf hjá safninu í upphafi árs. Hún var reynsluráðin fyrstu sex mánuði ársins, með tilstuðlan Vinnumálastofnunar, en frá 1. júlí hefur hún verið fastur starfsmaður. Skjalaskráning og umsjón með ljósmyndaverkefni hafa verið helstu verkefni Magnhildar, en eftir andlát Guðgeirs tók hún við hans verkefnum.

Verkefni við skráningu og skönnun ljósmynda, sem Héraðsskjalasafnið stendur að ásamt Héraðsskjalasafni Árnesinga og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, hélt áfram á árinu.



Starfsfólk Héraðsskjalasafns Austfirðinga í nóvember 2012. Efri röð frá vinstri: Heiða Ösp Árnadóttir, Hrafnkell Lárusson og Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Magnhildur Björnsdóttir, Arndís Þorvaldsdóttir og Jóhanna Hafliðadóttir.

Í janúar voru Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir (75% starf) og Heiða Ösp Árnadóttir (75% starf) endurráðnar til að starfa við ljósmyndaverkefnið, en sem fyrr segir starfaði Magnhildur einnig að því.

Á árinu var framhaldið vinnu Jóhönnu Hafliðadóttur, forstöðukonu Bókasafns Héraðsbúa, við skráningu skjala fyrir Fljótsdalshérað auk þess að hafa umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins (alls 50% starf). Síðartaldi verkþátturinn hefur vaxið mjög síðan verkefninu var komið á fót í byrjun árs 2011. Þetta verkefni stóð til ársloka, en það byggði á sérstöku samkomulagi milli Héraðsskjalasafnsins og Fljótsdalshéraðs. Í desember tilkynnti forstöðumaður forsvarsmönnum Fljótsdalshéraðs að samkomulag vegna verkefnisins yrði ekki endurnýjað þrátt fyrir beiðni sveitarfélagsins þar um. Verkefnið var í upphafi hugsað til að mæta óvæntum aðstæðum sem komu upp varðandi störf Jóhönnu skömmu eftir ráðningu hennar til Bókasafns Héraðsbúa, en var ekki hugsað sem langtímalausn. Af hálfu Fljótsdalshéraðs hefur þetta verkefni á opinberum vettvangi verið tíundað sem sérstakur styrkur sveitarfélagsins til safnsins. Hið rétta er að ekkert af fjármunum vegna þess varð eftir í rekstri Héraðsskjalasafnsins heldur fóru fjármunir eingöngu í að greiða starfsmanninum laun. Starfsmanni sem eingöngu hefur sinnt verkefnum fyrir Fljótsdalshérað. Viðkomandi hefur haft endurgjaldslausu vinnuáðstöðu í húsnæði Héraðsskjalasafnsins og sveitarfélagið hefur ekki verið rukkað um kostnað m.a. vegna flutnings á gögnum. Það samkomulag sem gert var vegna þessa verkefnis hefur því reynst mjög hagstætt fyrir sveitarfélagið en skilið lítið eftir hjá safninu.

Alls störfuðu sjö starfsmenn um lengri eða skemmri tíma hjá Héraðsskjalasafninu á árinu 2012, en meginhluta ársins voru starfsmenn safnsins sex talsins.

Tveir starfsmannafundir, fastra starfsmanna safnsins, voru haldnir á árinu (í maí og október). Slíkir fundir eru jafnan nýttir til að miðla upplýsingum og skipuleggja verkefni sem eru framundan.

Í byrjun árs 2012 var opnunartíma safnsins breytt vegna samdráttar. Auglýstur opnunartími á árinu var mánudaga til fimmtudaga frá kl. 12:00–16:00, en var áður alla virka daga frá kl. 12-18. Að venju var ekki ráðið fólk til sumarafleysinga heldur skiptust starfsmenn á að fara í sumarfrí. Þó auglýstur opnunartími safnsins hafi dregist saman er safnið þó alljafna opið frá kl. 8:30–16:00 alla virka daga.



Verulegt tjón varð á einni af þremur tveggja hreyfla áætlunarvélum Flugfélags Austurlands í febrúar 1990. Vinstra aðalhjól og nefhjól TF-EGT fóru úr læsingu með þeim afleiðingum að vélin hlukaðist niður. Austramynd.

## Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaganna til reksturs safnsins voru alls 16.150.016,- krónur á árinu, sem er í samræmi við fjárhagsáætlun (16.150.000,-). Önnur rekstrarframlög voru 1.655.735,- sem er tæpum 30 þúsundum lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (1.682.400,-). Styrkir og aðrar tekjur voru 8.600.242,- sem er tæpum 6,5 milljónum hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (2.070.000,-). Mismunurinn liggur í 6,4 milljón króna framlagi íslenska ríkisins (5 milljónir) og Fljótshéraðs (1,4 milljónir) til ljósmyndaverkefnisins. Tekjur vegna skjalaskráningaverkefna voru hins vegar heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 945 þúsund (í stað 1,5 milljón). Þar vegur á móti sala á lagerhillum í eigu safnsins en fyrir þær fengust tæplega 500 þúsund.

Rekstrartekjur voru alls kr. 26.405.993,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 19.902.400,-

Gjaldaliðir rekstrarreikningsins hækkuðu líka frá fjárhagsáætlun en þó ekki eins mikið og tekjurnar. Þá er frátalinn tekjufærsla sem færir sem mínus á gjaldalið og er tilkomin vegna loka lífeyrisskuldbindingar safnsins við fyrrum forstöðumann þess. Vegna þessa bókfærast kr. 9.146.852,- Í rekstrarreikningi ársins eru laun og launatengd gjöld kr. 15.435.254,- sem er rúmum 4,1 milljón hærra en gert var ráð fyrir (11.287.400,-). Þarna vegur mest til hækkunar launakostnaðar ljósmyndaverkefnisins (sem tekjur komu á móti) en launakostnaður fastra starfsmanna er líka lægri. Rekstur húsnæðis var 1.328.593,- sem er tæpum 130 þúsundum lægra en áætlun sagði til um (1.455.000,-). Framlög safnsins voru alls krónur 3.375.111,- Það er rúmum 15 þúsundum hærri upphæð en í fjárhagsáætlun (3.359.550,-). Annar rekstrarkostnaður var 2.473.255,- sem er rúmum 37 þúsundum lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (2.855.000,-). Skýring þessa er smærri sparnaður á ýmsum liðum en þó vegur þyngst þátttaka Bókasafns Héraðsbúa í leigu á skjalageymslu í Arion banka vegna bóka sem Bókasafnið fær geymdar þar.

Afskriftir voru kr. 827.496,-.

Rekstrargjöld voru alls kr. 14.637.101,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 19.784.446,-

Tekjur safnsins eftir fjármagnsliði voru krónur 9.062,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir útgjöldum upp á 30 þúsund vegna þessa liðar.

Niðurstaða rekstrarreiknings Héraðsskjalasafnsins fyrir árið 2012 er því að hagnaður varð á rekstrinum alls að upphæð 11.777.954,- Ítreka verður að rúm 9,1 milljón af þessari upphæð er vegna tekjufærslu lífeyrisskuldbindingar safnsins. Fjárhagsáætlun gerði einungis ráð fyrir tæplega 88 þúsundum í hagnað. Handbært fé safnsins hækkar milli árána 2011 og 2012 um kr. 1.633.063,- (var 89.510,- í árslok 2011 en hækkað í 1.722.573,- við árslok 2012).

Gerð draga fjárhagsáætlunar ársins 2012 var unnin haustið 2011 í samstarfi forstöðumanns og þáverandi formanns stjórnar Héraðsskjalasafnsins og var vinnulag svipað og viðhaft var vegna gerðar fjárhagsáætlunar árána á undan.

## Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni

Líkt og áður greinir einkenni samdráttur starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu. Fastir starfsmenn höfðu lítið svigrúm til að sinna öðru en grunnstarfsemi safnsins, sem bundin er í lög og reglugerð. Flestu því sem hægt var að láta bíða var ýtt á undan.

### Verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda

Árið 2011 var fyrsta starfsár samstarfsverkefnis Héraðsskjalasafna Austfirðinga, Árnesinga og Skagfirðinga við skönnun og skráningu ljósmynda í söfnunum með það að markmiði að gera myndefnið aðgengilegt á ljósmyndavef. Meginfjárveiting til verkefnisins kom af fjárlögum en einnig fékk hvert safnanna þriggja fjárstuðning á sínu heimasvæði. Í tilfelli Héraðsskjalasafns Austfirðinga styrkti Fljótsdalshérað verkefnið. Í ársskýrslu safnsins fyrir árið 2011 er gerð nokkur grein fyrir verkefninu og tildrögum þess.

Haustið 2011 var leitað til hins opinbera varðandi fjármögnun verkefnisins á árinu 2012. Varð niðurstaðan sú að 15 milljónum króna var varið til þess á fjárlögum 2012. Sú upphæð skiptist jafnt á milli safnanna þriggja. Fljótsdalshérað hélt áfram að styrkja Héraðsskjalasafn Austfirðinga með sérstöku framlagi vegna þessa verkefnis.

Vinna við ljósmyndaverkefnið á árinu 2012 hófst um miðjan janúar en þá sneru Jóhanna Ingibjörg Sveindóttir og Heiða Ösp Árnadóttir aftur til starfa. Magnhildur Björnsdóttir hafði áfram umsjón með verkefninu og sá einnig um afritun gagna. Líkt og árið 2011 var áherslan af hálfu Héraðsskjalasafns Austfirðinga á skráningu og skönnun mynda, en vefsíðugerð var látin bíða. Keypt var ný tölva vegna verkefnisins, en önnur tölvan sem notast var við árið 2011 var úr sér gengin. Forstöðumaður fundaði reglulega með samstarfsaðilum. Snerust þeir fundir einkum um vinnulags við skráningu og framtíðarskipulag verkefnisins, en einnig um skýrslugerð og samninga vegna útgreiðslu ríkisstyrks. Á fundi héraðsskjalavarða á Akureyri í lok september höfðu forsvarsmenn verkefnisins framsögu um gang þess og svöruðu spurningum.

Í september skiluðu söfnin þrjú skýrslu um ljósmyndaverkefnið til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í skýrslunni koma fram upplýsingar um framvindu verkefnisins og um tæknileg atriði. Ljóst er að verkefnið hefur náð markmiðum sínum um fjölda skannaðra og skráðra mynda. Raunar var bæði fjöldi skannana og skráninga umfram markmið á árinu 2011 og þegar skýrslunni var skilað benti allt til að sama yrði upp á teningnum fyrir árið 2012. Skýrslunni var vel tekið af hálfu ráðuneytisins sem frá byrjun hefur sýnt þessu verkefni velvild og áhuga.

Í fjárlögum ársins 2013, sem samþykkt voru í desember sl., er ljósmyndaverkefninu tryggð áframhaldandi fjárveiting og því mun það halda áfram þriðja árið. Sveitarfélögin Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur munu styrkja Héraðsskjalasafn Austfirðinga vegna verkefnisins á árinu 2013. Einnig var sótt um stofn- og rekstrarstyrk vegna þess til Austurbrúar (áður Menningarráðs Austurlands). Á árinu 2013 mun verða ráðist í gerð ljósmyndavefs og er fyrir séð að umtalsverður viðbótar kostnaður mun fylgja því.





Bátar í fjöru. Myndin er tekin á Borgarfirði eystra í kringum miðja 20. öld. Myndin er skönnuð eftir filmu úr eigu Kristínar Gissurardóttir sem sonur hennar, Þórhallur Árnason, leyfði Ljósmyndasafninu að afrita.

### **Eftirmálar manntalsskráningarverkefnis**

Í júní sendi forstöðumaður erindi til Ríkisendurskoðunar með ósk um að stofnunin hlutaðist til um að Þjóðskjalasafn Íslands skilaði fjárhagslegu uppgjöri vegna manntalsskráningarverkefnisins sem Héraðsskjalasafnið tók þátt í á árunum 2008–2011. Forsaga þessa erindis er sú að strax árið 2010 tók forstöðumaður að kalla eftir upplýsingum frá Þjóðskjalasafni um rekstur verkefnisins. Þær beiðnir voru hunsaðar þar til forstöðumaður leitaði liðsinnis Ríkisendurskoðunar. Sumarið 2011 var af hálfu Þjóðskjalasafnsins gerð skýrsla um gang verkefnisins og var hún send þátttakendum. Í þeirri skýrslu, sem á margan hátt var fróðleg, var aðeins ófullburða yfirlit um ráðstöfun þess fjár sem varið var til verkefnisins á tímabilinu. Því gat forstöðumaður ekki litið svo á að umrædd skýrsla svaraði erindi hans.

Í svari sínu, sem barst skömmu eftir að erindið var sent, bendir Ríkisendurskoðun forstöðumanni á að snúa sér til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem Þjóðskjalasafn sé undirstofnun þess. Erindið var því sent ráðuneytinu um miðjan júní. Þrátt fyrir margar ítrekanir barst ekki svar frá ráðuneytinu fyrr en undir lok október. Í því svari fólst að ráðuneytið taldi ekki ástæðu til að gera neitt í málinu og kaus að líta á yfirlitið í skýrslu Þjóðskjalasafnsins sem fullnægjandi. Ráðuneytið sá því ekki ástæðu til að kanna á hvaða tölum upplýsingar í yfirlitinu byggðu jafnvel þó að bent væri á að einstakar tölur í yfirlitinu bæru þess merki að vera áætlaðar tölur en ekki rauntölur. Þessi viðbrögð ráðuneytisins vekja spurningar um hvers vegna það gengur ekki ákveðnar fram við að hafa eftirlit með ráðstöfun opinbers fjár á vegum stofnana sem undir ráðuneytið heyra.

## **Fundir, ráðstefnur og námskeið**

Haustið 2010 var forstöðumaður skipaður í dómnefnd Íslensku safnaverðlaunanna 2012. Fimm manna dómnefnd var skipuð safnafólki víðsvegar af landinu og voru samskiptin því mest í síma og tölvupósti, en einn hefðbundinn fundur var haldinn í júní. Á vordögum var auglýst eftir tilnefningum og vann dómnefnd úr þeim í apríl og maí. Íslensku safnaverðlaunin voru síðan afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í júlí. Þau komu að þessu sinni í hlut Menningarmiðstöðvar Þingeyinga fyrir vel heppnaða endurnýjun á grunnsýningu í Safnahúsinu á Húsavík.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) var haldinn á Akureyri dagana 19. til 21. september. Forstöðumaður sótti Farskólann fyrir hönd safnsins.

Enginn vorfundur skjalavarða var haldinn þetta árið. Þann 8. október var haldinn í Þjóðskjalasafni fundur forstöðumanna héraðsskjalasafna með forsvarsmönnum Þjóðskjalasafns og settum þjóðskjalaverði. Ýmis mál voru til umræðu á þeim fundi en helst bar til tíðinda sameiginleg yfirlýsing fundarmanna varðandi meðferð framlag ríkisins til héraðsskjalasafna. Var hún send ráðuneyti mennta- og menningarmála.

Haustfundur Austfirskrar upplýsingar var haldinn á Egilsstöðum í október. Hann var að mestu í formi námskeiðs á vegum starfsmanna Landskerfis bókasafna þar sem fjallað var um notkun á vefnum Leitir.is og um kerfiskeyrslur í starfsmannaviðmóti Gagnis. Forstöðumaður og Magnhildur Björnsdóttir sóttu fundinn fyrir hönd safnsins.

Þann 1. desember var viðburður í menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði. Þar lauk formlega verkefninu Frásagnasafnið sem Skaftfell stóð að, en í því fólst að safna frásögnum sem flestra Seyðfirðinga. Verkefnið er einstakt því aldrei áður hefur frásögnum íbúa heils byggðarlags verið safnað með skipulegum hætti. Héraðsskjalasafni Austfirðinga, Tæknimínjasafni Austurlands og Bókasafni Seyðisfjarðar voru afhent afrit frásagnanna. Forstöðumanni var boðið að vera viðstaddur þennan viðburð og flytja þar ávarp en forfallaðist á síðustu stundu. Forstöðukona Skaftfells flutti viðstöddum ávarp hans.

Forstöðumaður sat áfram í verkefnisstjórn DNA á Vopnafirði. Sú stjórn hittist ekki á árinu. Jafnframt var forstöðumaður áfram ráðgjafi stjórnar byggðasöguritsins Múlaþings.

## **Samstarf héraðsskjalavarða**

Frá stofnun árið 2009 hefur Félag héraðsskjalavarða á Íslandi verið helsti vettvangur samstarfs héraðsskjalavarða. Að vanda var starfsemi félagsins kröftug á árinu. Almennur félagsfundur var haldinn í byrjun febrúar. Meginumræðuefni fundarins var væntanlegt frumvarp til laga um opinber skjalasöfn. Annar slíkur fundur var haldinn í desember. Þar voru ýmis efni til umræðu, m.a. tölfræði varðandi héraðsskjalasöfn og lok átaksverkefnis við söfnun skjala íþróttafélaga. Það átak hófst í aprilmánuði og var það samstarfsverkefni Félags héraðsskjalavarða og ÍSÍ. Á starfssvæði Héraðsskjalasafns Austfirðinga voru send bréf til alls 28 íþróttafélaga vegna þessa. Undirtektir voru því miður ekki miklar en það kann að skýrast af því að Héraðsskjalasafnið stóð sjálft að hliðstæðu átaki árið 2009 í samvinnu við UÍA.

Í maímánuði kom í ljós að Þjóðskjalasafn hugðist haga útgreiðslu ríkisframlags til héraðsskjalasafna með öðrum hætti en verið hafði undanfarin ár og ágæt sátt hafði ríkt um. Hafði ákvörðun um þetta verið tekin innanhúss í Þjóðskjalasafni án samráðs við héraðsskjalaverði. Forstöðumaður hafði forgöngu um að gera athugasemdir við þetta vinnulag Þjóðskjalasafns og jafnframt var í byrjun júní sent erindi til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna þessa. Það tókst að knýja fram breytingu á fyrirætlunum Þjóðskjalasafns þannig að héraðsskjalasöfnin fengu umrædda fjármuni fyrir en til stóð. Á fundi með forsvarsmönnum Þjóðskjalasafns í október var síðan komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig útgreiðslu framlagsins skuli háttað framvegis.

Um miðjan júní hitti forstöðumaður Hrafn Sveinbjarnarson, héraðsskjalavörð Kópavogs, og Þorstein Tryggva Másson, héraðsskjalavörð Árnesinga, á fundi í húsnæði Héraðsskjalasafns Kópavogs. Tilfni fundarins var að leggja lokahönd á skýrslu um ráðstöfun og meðferð ríkisframlagsins til héraðsskjalasafna. Ein af niðurstöðum skýrslunnar er sú að frá því að ríkisframlaginu var komið á hefur umtalsverður hluti þeirra fjárheimilda sem héraðsskjalasöfnunum hefur verið ætlaður ekki skilað sér til þeirra. Skýrslan var send stjórn Félags héraðsskjalavarda. Við þetta tækifæri skoðaði forstöðumaður ný og glæsileg húsakynni Héraðsskjalasafns Kópavogs sem safnið flutti inn í á vordögum.



Vígi íhaldsins hrundi. Svonefndir Íhaldsskólar í Egilsstaðaskógi hrundu í óveðri í janúar 1986. Sjálfstæðismenn héldu þarna hátíð sína um verslunarmannahelgi í mörg ár og af því mun nafnið dregið. Austramynd.

Snemma í september gengu forstöðumaður og Þorsteinn Tryggvi Másson, forstöðumaður Héraðsskjalasafns Árnesinga, á fund Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Tilfni fundarins var að ræða rekstrarframlag ríkisins til héraðsskjalasafna og meðferð þess. Einnig var rætt um væntanlegt frumvarp til laga um opinber skjalasöfn. Fundinn sátu auk áður nefndra, tveir starfsmenn ráðuneytisins.

Dagana 27. og 28. september var haldin á Akureyri ráðstefna fyrir starfsfólk héraðsskjalasafna á vegum Félags héraðsskjalavarda á Íslandi. Þetta var önnur ráðstefna félagsins en samsvarandi ráðstefna var haldin í Reykjavík í nóvember 2011. Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt og áttu umfjöllunarefnið það sammerkt að vera af hagnýtum toga, en eitt markmið þessara ráðstefna er að deila þekkingu og kunnáttu. Á fundinum hafði forstöðumaður tvær framsögur, annars vegar um ljósmyndaverkefnið (ásamt Þorsteini Tryggva Mássyni héraðsskjalaverði Árnesinga) og hins vegar um drög að frumvarpi um opinber skjalasöfn. Auk forstöðumanns sótti Magnhildur Björnsdóttir ráðstefnuna fyrir hönd Héraðsskjalasafnsins.

### **Safnrými og skjalageymslur**

Geymslumálin voru venjufremur tímafrek á þessu ári en það ánægjulega er að uppskera erfiðis síðustu ára er nú orðin vel sýnileg. Það þýðir þó ekki að slá megi slöku við því sífellt bætist við skjalamagnið í geymslum safnsins og mun svo verða áfram. Gera má ráð fyrir, miðað við að álíka magn skjala berist safninu á komandi árum og barst á árinu 2012, að það geymslurými sem nú er til ráðstöfunar endist í 3-5 ár. Áður en að því kemur að núverandi rými fyllist þarf með einhverjum ráðum að auka við geymslurými safnsins.

Í janúar var lokið við flutning gagna í annan skjalaskápinn (þann minni, tekur 52 hillumetra) sem safnið fékk hjá fyrirtækinu EFLA vorið 2011. Í þann skáp var flutt efni sem tekið var úr bókasafninu á árunum 2008-2010 og lagt í öskjur (smárit, skýrslur og gamlar bækur). Einnig hefur Ljósmyndasafnið fengið geymslurými í þessum skáp. Eftir að þessum frágangi lauk fór mikil vinna í tilfærslu gagna innan geymslunnar til að skapa rými fyrir síðari skápnunum (þann stærri, tekur 84 hillumetra). Brautir fyrir hann voru lagðar í apríl og uppsetningu skápsins var lokið í júlí. Sá skápur er nýttur fyrir skjöl sem skráð voru á árinu 2012 og mun það rými sem eftir er verða nýtt fyrir nýskráð skjöl sem berast munu á næstu árum (meðan rýmið endist).

Uppsetning nýju skápanna losaði töluvert af frístandandi lagerhillum sem áður voru notaðar, en þær hillur eru lakari kostur en hjólaskápar þegar nýta þarf takmarkað rými. Lagerhillurnar þurfa hlutfallega mun meira pláss miðað við geymslurými. Þær voru seldar í febrúar og fengu færri en vildu. Alls fékk safnið um 480 þúsund krónur fyrir hilluefnið sem selt var. Til samanburðar má nefna að flutningur hjólaskápanna til safnsins kostaði um 60 þús krónur og var það eini kostnaðurinn sem til féll vegna þeirra, en skáparnir sjálfir fengust ókeypis.

Fjargeymsla safnsins í húsnæði Arion banka var nýtt með samsvarandi hætti og áður. Þar er enn nokkuð rými ónotað.

### **Samskipti við sveitarfélög, stofnanir og félög**

Góð og regluleg samskipti við aðildarsveitarfélög safnsins eru mikilvæg bæði fyrir Héraðsskjalasafnið sem og fyrir sveitarfélögin. Færst hefur í vöxt að starfsmenn sveitarfélaganna hafi frumkvæði af samskiptum og leiti upplýsinga um skjalavörslu hjá Héraðsskjalasafninu. Er óhætt að fullyrða að sú aukning sé tilkomin vegna meiri sýnileika safnsins og vaxandi skilnings innan stjórnsýslunnar á mikilvægi góðrar skjalavörslu.

Undanfarin ár hefur sú venja skapast að forstöðumaður heimsæki öll aðildarsveitarfélögin síðsumars eða í byrjun hausts. Því miður féllu þessar heimsóknir niður á árinu 2012 vegna samdráttar í rekstri safnsins og lækkaðs starfshlutfalls forstöðumanns. Afar mikilvægt að slíkum reglubundnum heimsóknum verði komið á aftur.

Á árinu sinnti Héraðsskjalasafnið fjórum skjalaskráningarverkefnum fyrir afhendingarskylda aðila. Var hvert þeirra að umfangi sem nam vinnu eins starfsmanns í einn mánuð. Í byrjun árs voru slík verkefni unnin fyrir Breiðdalshrepp og Fljótsdalshrepp. Bæði hafa þau sveitarfélög afhent skjöl á undanförunum árum og ætti ekki að vera brýn þörf af þeirra hálfu að afhenda á næstu árum. Djúpavogshreppur afhenti um mitt ár skjöl til skráningar. Á árinu var forstöðumaður einnig í samskiptum við Vopnafjarðarhrepp um skjalaafhendingar frá sveitarfélaginu, en nokkuð er um liðið síðan þaðan voru afhent skjöl til Héraðsskjalasafnsins. Ekki varð þó af afhendingu á árinu. Búnaðarsamband Austurlands (BSA) afhenti umtalsvert magn skjala á vordögum. Var ákveðið í samráði við forsvarsmenn BSA að skrá skjöl sem næmi eins mánaðar vinnu á þessu ári og sem næmi einum mánuði á árinu 2013. Skráning skjala sveitarfélaganna og BSA var framkvæmd af Guðgeiri Ingvarssyni og Magnhildi Björnsdóttur.

Í febrúar heimsótti forstöðumaður Vopnafjörð og af því tilefni undirritaði hann fyrir hönd Héraðsskjalasafnsins samstarfssamning um myndagrúsk við Kaupvang, Félag eldri borgara á Vopnafirði og Halldór K. Halldórsson. Aðkoma Héraðsskjalasafnsins að samstarfinu felst í að varðveita afrit myndagrunnsins sem byggst hefur upp í starfi eldri borgara á Vopnafirði.

Í mars var forstöðumanni boðið til fundar með menningar- og íþróttanefnd Fljótsdalshéraðs til að gera grein fyrir starfsemi, rekstri og framtíðarhorfum Héraðsskjalasafnsins. Kom umrætt fundarboð í framhaldi af opinberum orðaskiptum forstöðumanns og forseta bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs um málefni safnsins. Í september sótti forstöðumaður annan fund sömu nefndar vegna fjárhagsáætlunargerðar. Boð forstöðumanns á þann fund var einnig að frumkvæði nefndarinnar.

Á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins þann 22. nóvember beindi fulltrúi Fljótsdalshéraðs þeirri fyrirspurn til stjórnar safnsins hvort stjórn „hefði hugleitt að ná einhverskonar samlegð með Minjasafni Austurlands t.d. með því að söfnin deildu forstöðumanni.“ Formaður stjórnar, Ólafur B. Valgeirsson, varð til svara og sagði hann ekkert slíkt hafa komið til tals innan stjórnar enda væri eignarhald safnanna ólíkt og gildandi stofnsamningur Héraðsskjalasafnsins gerði ráð fyrir sérstökum forstöðumanni yfir því. Fyrirspurn fulltrúa Fljótsdalshéraðs var síðan rædd en ekki var um neina tillögugerð að ræða af hálfu hans né aðalfundar vegna þessa.

Þann 7. desember, viku eftir að stjórn Héraðsskjalasafnsins hafði fundað vegna tilhögunar á auglýsingu á starfi forstöðumanns (en til stóð að auglýsa snemma í desember), barst stjórn Héraðsskjalasafnsins erindi frá Fljótsdalshéraði þar sem farið var fram á að beðið yrði með ráðningu nýs forstöðumanns safnsins vegna hugmyndar þeirra um einn forstöðumann Safnahússins. Varð þetta erindi til að tefja að starfið væri auglýst.

Á stjórnarfundum Héraðsskjalasafnsins þann 18. desember var erindi Fljótsdalshéraðs tekið fyrir og samþykkt bókun vegna þess (sem sjá má í fundargerðum aftar í þessari ársskýrslu). Í niðurlagsorðum bókunarinnar segir:

*Það er forgangsmál stjórnar Héraðsskjalasafnsins að gæta hagsmuna þess í samræmi við stofnsamning. Því telur stjórn að ekki verði lengur beðið með að auglýsa eftir nýjum forstöðumanni safnsins enda mikilvægt að ekki verði rof í starfsemi sem yrði til þess að reynsla og þekking glataðist.*

Framsetning forsvarsmanna Fljótsdalshéraðs á hugmynd sinni um einn forstöðumann Safnahússins bar þess vitni að nauðsynlegum undirbúningi af þeirra hálfu hefði verið ábótavant. Ákveðins misskilnings virtist gæta hjá sveitarfélaginu varðandi stofnanalega umgjörð Héraðsskjalasafnsins, bæði m.t.t. eignarhalds og valdsviðs stjórnar safnsins. Hugmyndin sjálf var ómótuð. Hún byggði ekki á nauðsynlegri upplýsingaöflun, greiningu eða samráði við þá sem best til þekkja. Ekkert samráð virðist t.a.m. hafa verið haft við forsvarsmenn Minjasafns Austurlands, þó málið varðaði það sannarlega. Af þessum sökum var stjórn Héraðsskjalasafnsins ekki kleyft að taka efnislega afstöðu til hugmyndarinnar sem slíkrar. Nánari skýringar forsvarsmanna Fljótsdalshéraðs bárust ekki stjórn og forstöðumanni safnsins fyrir komið var fram árið 2013. Þá var þetta mál búið að valda umtalsverðum töfum á ráðningu nýs forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins auk þess að valda ókyrrð meðal starfsfólks Safnahússins.



Systkinin á Aðalbóli á Jökuldal, börn Ingunnar Einarsdóttur og Páls Gíslasonar. Myndin er tekin árið 1953 eða 1954. Talið frá vinstri: Einar, Páll, Dagný með Brynhildi, Ingunn, Baldur, Krístrún. Stúlkan lengst til hægri er gefandi myndarinnar, Ingigerður Benediktsdóttir frá Ásgarði. Hún var gestkomandi á Aðalbóli þegar myndin var tekin.

## Málefni Safnahússins

Líkt og undangengin ár var af hálfu Héraðsskjalasafnsins reynt að þrýsta á forsvarsmenn Fljótsdalshéraðs að sveitarfélagið hefði, sem langstærsti einstaki eigandi Safnahússins, forgöngu að því að eignarhald hússins verði einfaldað. Vegna þessa sendi forstöðumaður formlegt erindi til Fljótsdalshéraðs í júlí og var í framhaldinu í samskiptum við fjármálastjóra sveitarfélagsins vegna málsins. Engin formleg niðurstaða er þó komin í málið en það virðist þó njóta meiri athygli innan stjórnarsýslu Fljótsdalshéraðs en áður. Það er þó til marks um óþreyju forstöðumanna safnanna í Safnahúsinu, eftir því að nauðsynlegu viðhaldi hússins verði sinnt sem og að aðgengismál þess verði færð til betra horfs, að í ágúst sendu forstöðumenn safnanna sameiginleg bréf til fimm góðgerðarféлага á Héraði þar sem leitað var eftir stuðningi þeirra við fjármögnun á lyftu í Safnahúsið. Í framhaldinu birtist í Austurglugganum grein um málefni Safnahússins eftir forstöðumann Héraðsskjalasafnsins (sjá nánar í kaflanum „Útgáfustarf og kynning“).

Viðhaldsþörf loftræsti, raka- og hitakerfis Safnahússins er orðin gríðarleg enda kerfið úr sér gengið. Sem fyrr er erfitt að stjórna hita- og rakastigi í húsinu og loftgæði eru ekki sem skyldi. Á árinu þurfti alls sex sinnum að kalla til viðgerðarmenn vegna bilana í rakakerfi loftræstikerfisins. Í október olli bilun í rakakerfinu rafmagnsbilun í húsinu. Ástandið í þessum málum er orðið óþolandi! Í nóvember var svo komið að illa gekk að ná upp hita í húsinu og þurfti viðgerð á loftræsti- og hitakerfinu vegna þessa.

Í janúar hafði forstöðumaður samband við fasteignafulltrúa Fljótsdalshéraðs og fór fram á að hann hlutaðist til um að gerðar yrðu ráðstafanir vegna snjóhruns af þaki Safnahússins, en þá hafði nýlega legið við slysi vegna þessa. Við árslok hafði enn ekkert orðið úr framkvæmdum þrátt fyrir ítekaðar óskir þar um.

Í júní yfirfóru starfsmenn Tækniþjónustu Austurlands brunavarnakerfi Safnahússins.

Í nóvember komu slökkviliðsstjóri og starfsmaður Vinnueftirlitsins í eftirlitsferð í Safnahúsið. Þeir unnu skýrslu um ástand mála í húsinu og var henni komið á framfæri við forstöðumenn safnanna.

Í október funduðu forstöðumenn safnanna um málefni Safnahússins, en í mánuðinum á undan hafði nýr safnstjóri Minjasafnsins tekið til starfa.

Fyrirkomulag ræstinga í húsinu var með sama hætti og var árið 2011 en í byrjun árs 2012 tók Beata Fabian við ræstingunum af Heiðu Ösp Árnadóttur.

## Ýmislegt

Í október þurfti að bregðast við vegna þess að geymslurými í tölvukerfi safnsins var að klárast. Gripið var til aðgerða vegna þessa í samráði við þjónustuaðila (Nýherja). Þær aðgerðir voru þó ekki framtíðarlausn og er ljóst að Héraðsskjalasafnið þarf brátt meira rými fyrir rafræn gögn sem verða til við starfsemina.

## Sýningar, útgáfustarf o.fl.

Þessi hluti starfsemi Héraðsskjalasafnsins var mun smærri í sniðum á árinu en undanfarin ár. Skýrist það bæði af samdrætti í mannhaldi og minna rekstrarfé. Í fyrri ársskýrslum hefur verið vikið að mikilvægi sýnileika starfsemi Héraðsskjalasafnsins og er ástæða til að ítreka það hér. Stöðugt þarf að halda á lofti starfi safnsins til að viðhalda þekkingu á því í samfélaginu, auka áhuga á því sem safnið varðveitir og þar með menningararfi svæðisins.

### Sýningar, viðburðir og hátíðahöld

Í desember 2011 endurnýjaði forstöðumaður umsókn um styrk til Menningarráðs Austurlands vegna ferðar um starfssvæði safnsins með sýningar á myndefni í vörslu þess (bæði ljósmyndum og hreyfimyndum). Slík ferð var farin til fjögurra byggðarlaga haustið 2011 og mæltist mjög vel fyrir. Er skemmst frá að segja að Héraðsskjalasafnið fékk 200.000,- króna styrk til annarrar sýningarferðar og veitti forstöðumaður styrknum formlega viðtöku, úr hendi Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra, við athöfn á Skriðuklaustri í febrúar. Upphaflega var ætlunin að halda í sýningarferðina á vordögum en af ýmsum ástæðum frestaðist það til hausts. Ákveðið var að heimsækja þrjú byggðalög með sýningar sem væru sérsniðnar að hverjum og einum og byggðu á ljósmyndum og hreyfimyndum frá viðkomandi stað. Uppbygging sýninganna var með svipuðum hætti og haustið 2011. Þær hófust á stuttri kynningu forstöðumanns á starfsemi Héraðsskjalasafnsins, að henni lokinni sýndi Arndís ljósmyndir á tjaldi og voru ferðirnar m.a. nýttar til að afla upplýsinga meðal gesta um óþekktar myndir. Síðast á dagskrá hverrar sýningar voru svo myndbrot úr safni Austfirska sjónvarpsfélagsins, sem yfirfærð voru á DVD-form árið 2010. Forstöðumaður hafði umsjón með þessum lið sýninganna. Í byrjun október var haldið í þrjár sýningarferðir. Þá voru Breiðdalsvík, Borgarfjörður og Fljótsdalur sótt heim. Á öllum stöðunum var mæting með ágætum (30-45 manns). Allsstaðar fengust upplýsingar um myndir og virtist almenn ánægja vera með þetta framtak meðal sýningargesta. Síðasta sýningin var á Egilsstöðum 5. nóvember undir yfirskriftinni „Þekkir þú myndina?“. Sú sýning var jafnframt framlag Héraðsskjalasafnsins til Daga myrkurs á Austurlandi. Form hennar var annað en fyrri sýninga, en áherslan var á óþekktar ljósmyndir. Arndís og Magnhildur höfðu veg og vanda af þessari sýningu.

Í ágúsmánuði var haldin á Egilsstöðum viðamikil atvinnulífssýning sem þótti takast með ágætum. Í sama mánuði var héraðshátíðin Ormsteiti haldin. Héraðsskjalasafnið tók þátt í hvorugum þessum viðburði. Skýrði forstöðumaður fjarveru safnsins í frétt á vefsíðu þess þann 8. ágúst með eftirfarandi orðum:

Í ár tekur Héraðsskjalasafnið hins vegar ekki þátt í Ormsteiti. Orsakast það af samdrætti í rekstri safnsins sem leitt hefur til þess að okkur er enn erfiðara um vik en áður að sinna verkefnum utan fastrar daglegrar starfsemi. Af sömu ástæðum treystir safnið ekki til að taka þátt í Atvinnulífssýningunni sem fyrirhuguð er hér á Egilsstöðum dagana 18. og 19. ágúst nk. Það er vitanlega miður að svona sé komið enda mikilvægt fyrir stofnun sem sinnir almannaþjónustu að vera sýnileg, en þegar samdráttur í rekstri er tekinn að leiða til þess að starfshlutföll skerðast þá er erfitt við að eiga.



Árleg Bókavaka Safnahússins var haldin fimmtudaginn 29. nóvember. Að venju var áherslan á austfirsku útgáfu og bækur eftir höfunda sem búsettir eru í fjórðungnum. Eftirtaldir höfundar lásu úr verkum sínum: Steinunn Kristjánsdóttir (*Sagan af klaustrinu á Skerðu*), Vilhjálmur Hjálmarsson (*Glettur og gamanmál*), Unnur Birna Karlsdóttir (*Það kemur alltaf nýr dagur*), Helgi Hallgrímsson (*Leiðarljós. Minningarrit um Laufeyju Ólafsdóttur*) og Sigrún Björgvinsdóttir (*Handan við ljósbraðann*). Auk áðurgreindra höfunda kom Sigurður Ingólfsson óvænt fram og las úr væntanlegri ljóðabók sinni.

Héraðsskjalasafnið tók ekki þátt í Norræna skjaladeginum þetta árið, fremur en árið á undan. Forstöðumaður hefur, líkt og margir aðrir héraðsskjalaverðir, verulegar efasemdir um tilgang þess að taka þátt í Norræna skjaladeginum þó Þjóðskjalasafn leggi mikið upp úr honum. Áhugi á þessum viðburði hefur verið afar lítill og hefur hann aðeins einu sinni heppnast vel á síðustu fimm árum en þá naut hann stuðnings af öðrum viðburði sem var í Safnahúsinu á sama tíma.

Engin sýning var af hálfu Héraðsskjalasafnsins í Safnahúsinu sjálfu á árinu. Er það í fyrsta sinn í mörg ár sem sú er raunin.



Í árlegri sumarferð starfsmanna KHB 1987 var Vopnafjörður heimsóttur. Rútan fór allt í einu að síga á ógæfuhliðina við svokallað Hrutagil og litlu munaði að illa færi, en nógu samt. Austramynd (SÞ).

### Útgáfustarf og kynning

Jólaort ársins 2012 var helgað Hallgerði Gísladóttur frá Seldal í Norðfirði. Hallgerður var sagnfræðingur frá Háskóla Íslands með áherslu á þjóðháttafræði. Hún starfaði lengst af við þjóðháttaeild Þjóðminjasafns Íslands þar sem hún sá um þjóðháttaöfnun meðal margra aldurshópa og víða í þjóðfélaginu. Árið 1995 hóf hún störf sem deildarstjóri þjóðháttaeildar og tók síðar við starfi fagstjóra þjóðháttaafns. Árið 1999 sendi Hallgerður frá sér bókina *Íslensk matarhefð*. Sú bók er almennt álitin stórvirki og hefur verið ófánleg um langa hríð. Hallgerður lést árið 2007 aðeins 54 ára að aldri. Dugnaður

hennar, starfsgleði og þekking þótti með eindæmum og er framlag hennar til varðveislu íslensks þjóðararfs mikilsvert. Upplag jólakortsins var 330 stk.

Í byrjun febrúar ritaði forstöðumaður grein í vikublaðið Austurgluggann. Greinin nefndist „Á sameign að gagnast fáum?“ en í henni gerði forstöðumaður grein fyrir rekstrarstöðu Héraðsskjalasafnsins og starfsemi þess undanfarin ár. Hann beindi sérstaklega spjótum sínum að forsvarsmönnum Fljótshéraðs og gerði grein fyrir samskiptum við sveitarfélagið vegna málefna safnsins. Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótshéraðs, svaraði greininni í Austurglugganum viku síðar. Svar Stefáns Boga kallaði á frekari skýringar af hálfu forstöðumanns sem birti aðra grein í Austurglugganum um sama efni viku síðar. Nefndist sú grein „Meira af sameign og samskiptum“. Ekki urðu frekari opinber orðskipti vegna þessa máls. Báðar greinar forstöðumanns er að finna á vefsíðu Héraðsskjalasafnsins ([www.heraust.is](http://www.heraust.is)).



Brjóstmynd af Eysteini Jónssyni afhjúpuð við hátíðlega athöfn á Hlíðarendakletti á Djúpavogi 18. júní 1989. Afhjúpunin var liður í hátíðarhöldum á 400 ára afmæli Djúpavogs sem verslunarstaðar. Austramynd.

Í september ritaði forstöðumaður á ný grein í Austurgluggann. Sú grein nefndist „Hve langur tími á að líða?“. Hún fjallaði um málefni Safnahússins sjálfs og þá brýnu þörf sem komin er á bætt aðgengi, viðhald og endurbætur á húsinu. Beindi forstöðumaður sem fyrr orðum sínum að forsvarsmönnum Fljótshéraðs. Greinin vakti nokkur viðbrögð og tók forseti bæjarstjórnar Fljótshéraðs undir það í frétt í Austurglugganum að löngu tímabært væri að huga að endurbótum á Safnahúsinu. Áður nefnda grein forstöðumanns er að finna á vefsíðu Héraðsskjalasafnsins.

Á árinu var endurvakin sú venja að birta í Austurglugganum óþekktar myndir úr safni Ljósmyndasafnsins. Var þetta gert að beiðni ritstjóra Austurgluggans. Þessar myndbirtingar vekja jafnan nokkra athygli og hafa fengist upplýsingar um vel flestar þær myndir sem þannig hafa verið birtar.

Sem fyrr er leitast við að nota vefsíðu safnsins til að miðla upplýsingum um starfsemina og birta ljósmyndasýningar. Það verður þó að viðurkennast að meiri kraft þyrfti að setja í vefsíðuna og jafnframt er orðið tímabært að uppfæra viðmót hennar.

## Ljósmyndasafn Austurlands

Skráningar- og skönnunarverkefnið hefur hleypt auknu lífi í starf Ljósmyndasafnsins. Sem fyrr eru þó móttaka og skráning ljósmynda og afgreiðsla myndbeiðna meginþættir starfsins, en því sinnir Arndís Þorvaldsdóttir nú sem fyrr.

Ljósmyndasafnið var sem fyrr áberandi á vefsíðu Héraðsskjalasafnsins. Þrjár myndasýningar birtust á vefnum á árinu, hver með um 25-30 myndum ásamt textum.

Fyrsta sýning ársins birtist í mars og nefndist hún *Aldarspegill*. Myndirnar í sýningunni komu úr ýmsum áttum og spönnuðu nær alla 20. öldina í tíma. Ljósmyndasafninu hafa á undanförunum árum verið afhent mjög stór myndasöfn. Meðal slíkra safna má nefna Ljósmyndasafn Austrá og söfn blaðamannanna Sigurðar Aðalsteinssonar og Önnu Ingólfsdóttur auk myndasafns Guðmundar R. Jóhannessonar. Drjúgur hluti safnskotsins er þó þannig til kominn að í safnið kemur fólk með persónuleg myndasöfn. Slík söfn eru sjaldan stór en segja engu að síður merkilega sögu og var uppistaðan í sýningunni myndir sem safninu hafa borist með þeim hætti.

Snemma í ágúst birtist önnur vefsýning ársins. Hún nefndist einfaldlega *Sumarsýning 2012*. Í henni gaf að líta myndir frá ýmsum atburðum, atvinnulífi, samkomum og ferðalögum, auk þess að innihalda nokkrar myndir af einstaklingum og hópum frá mismunandi tíma. Allar hafa þær sögu að segja og gefa okkur, t.d. upplýsingar um mannlíf, klæðaburð og hártísku á hverjum tíma. Myndirnar í sýningunni voru teknar á árabílinu 1950-2000 og koma víða að.

Í aðdraganda jóla birtist svo þriðja vefsýning ársins. Líkt og áður með vefsýningar á aðventu tengdist þessi sýning jólnum. Að þessu sinni var valið að sýna jólakortautgáfu safnsins sem hefur verið nær samfelld í rúm 30 ár. Árið 1979 hóf Héraðsskjalasafn Austfirðinga að gefa út jólakort með myndum og kynningu á Austfirðingum sem á einhvern hátt hafa átt þátt í að varðveita og miðla austfirskum menningararfi eða auðga menningarlíf í fjórðungnum. Fyrsta kortið prýddi mynd Ríkarðs Jónssonar af Sigfúsi Sigfússyni þjóðsagnaritara og einnig stutt æviágrip Sigfúsar. Síðan hefur gerð slíks jólakorts verið árviss, utan að árið 1995 féll útgáfa niður vegna veikinda skjalavardar. Á jólasýningunni í ár gefur að líta útgáfuna í heild (til og með árinu 2011). Birtar eru myndir af forsiðu kortanna og fylgir útdráttur úr texta hvers korts með sem myndatexti. Alls er um að ræða 30 kort með mannamyndum og æviágripi en í tvígang hafa munir eða skjöl, sem safnið varðveitir, prýtt kortin. Annars vegar mynd af rithönd Jóns Sigurðssonar fræðimanns í Njarðvík árið 1991 og hins vegar Hofteigsbiblíá árið 2001.

Arndís Þorvaldsdóttir hafði sem fyrr veg og vanda af gerð allra sýninganna og ritun myndatexta, en við val á myndum naut Arndís aðstoðar starfsfólks ljósmyndaverkefnisins. Að venju sá forstöðumaður um frágang myndanna í umsjónarkerfi vefsins.

## Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Í byrjun árs tók gildi breyttur stofnsamningur Héraðsskjalasafnsins, en með honum urðu nokkrar breytingar á umgjörð Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar. Safnið verður eftir sem áður hluti af Héraðsskjalasafninu en eftir breytinguna eru því tryggð 7% af árlegum framlögum aðildarsveitarfélaga Héraðsskjalasafnsins í stað framlags sem byggir á áætluðu verðgildi safnsins. Með þessu móti fæst samræmi milli fjárveitingar til Bókasafnsins og megintekjustofns Héraðsskjalasafnsins.

Á undanförunum fimm árum hafa málefni Bókasafnsins töluvert verið til umræðu og hafa verið deildar meiningar um stöðu þess og framtíð. Ég tel að sú niðurstaða sem fékkst í þau mál og birtist í breytingum á stofnsamningi Héraðsskjalasafnsins sé bæði Bókasafni Halldórs og Önnu Guðnýjar og Héraðsskjalasafninu til heilla. Það er mín skoðun, bæði sem forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins síðastliðin fimm ár og áður sem safngests, að sambúð héraðsskjalasafns, ljósmyndasafns og rannsóknarbókasafns sé ákjósanleg. Námsfólk, fræðimenn og annað fróðleiksfúst fólk nýtir prentefni, myndir og skjöl við sínar athuganir og rannsóknir. Það þekki ég af eigin reynslu og annarra.

Fleiri veigamiklar ástæður eru fyrir samrekstri rannsóknarbókasafns með héraðsskjalasafni. Vil ég hér nefna tvær. Annars vegar nýtist bókakosturinn starfsfólki Héraðsskjalasafnsins í daglegum störfum, t.d. við sýningagerð en þó einkum við að svara erindum safngesta og þeirra sem senda fyrirspurnir í síma eða með tölvupósti. Hins vegar ber að nefna að þó ágæt almenningsbókasöfn séu starfrækt í öllum aðildarsveitarfélögum Héraðsskjalasafnsins eru þeim takmörk sett varðandi innkaup á lesefni. Þrýstingur er á almenningsbókasöfnin að eiga til vinsælustu skáldsögurnar og hafa gott úrval barnabóka. Héraðsskjalasafnið hefur á hinn bóginn markað sér þá stefnu að einskorða innkaup sín við fræðilegt efni og austfirsku útgáfu, en láta almenningsbókasöfnunum eftir fagurbókmenntirnar. Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar hefur því á undanförunum árum verið byggt upp sem rannsóknarbókasafn með bæði annarskonar og sérhæfðari safnkost en almenningsbókasöfnin. Gott samstarf er við almenningsbókasöfnin á svæðinu og þegar óskir berast þar um eru bækur frá Héraðsskjalasafninu sendar í millisafnalán innan svæðisins og nýtast þannig lesendum um allt Austurland.

Bókasafninu bárust allnokkrar bóka- og tímaritagjafir á árinu. Sem fyrr gerist það reglulega að ýmsir velunnarar safnsins bjóða því bækur og eru slíkar gjafir jafnan þegar með þökkum ef efnið fellur að innkaupastefnu safnsins og umræddar bækur eru ekki þegar til í safninu. Ég held að á engan sé hallað þó Guðmundur Björnsson frá Múla sé nefndur sérstaklega í þessu sambandi. Héraðsskjalasafnið og efling bóka- og tímaritasafns þess er Guðmundi ofarlega í huga. Á undanförunum árum hefur hann verið í reglulegu sambandi við starfsfólk Héraðsskjalasafnsins og gefið safninu margskonar lesefni sem hann hefur aflað.

## Lokaorð

Árið 2012 var ár samdráttar í starfsemi safnsins. Samdráttar sem var afleiðing hallarekstrar á árinu 2011. Starfsemi Héraðsskjalasafnsins tók því verulegum breytingum á árinu 2012, en þær breytingar verða vonandi ekki varanlegar. Á árinu 2012 tókst að rétta rekstur safnsins af. Það tókst þó ekki áreynslulaust, m.a. tók forstöðumaður á sig persónulegar byrðar vegna þess með því að lækka starfshlutfall sitt. En vonandi eru bjartari tímar framundan. Við fjárhagsáætlunargerð í haust fékkst löngu tímabær aukning framlaga aðildarsveitarfélaganna til safnsins á árinu 2013. Það mun létta fjárhagslegan róður þess þó meira þurfi til svo safnið nái fyrri styrk.

Staða stofnana eins og Héraðsskjalasafnsins er erfið þegar kemur að því að sækja hækkun á rekstrarframlögum til aðildarsveitarfélaga. Skili starfsemin afgangi, jafnvel þó lítill sé, freistast fjárveitingavaldið til að álíta að stofnunin þurfi ekki frekari fjárveitingar jafnvel þó ársreikningur beri með sér að mjög sé að starfseminni þrengt. Fari reksturinn hins vegar fram úr fjárhagsáætlun mega stjórnendur stofnana búast við að sitja undir ámæli fyrir lélega fjármálastjórn eða jafnvel óráðsú þó meginástæður hallareksturins séu ófyrirséðir utanaðkomandi þættir eða einfaldlega það að stofnunin fær ekki nauðsynlegar fjárveitingar. Þannig freistast fjárveitingarvaldið á stundum til að benda á aðra og þvo hendur sínar af stöðunni.

Þrátt fyrir samdrátt í grunnstarfsemi gat safnið haldið ljósmyndaverkefninu áfram, en það var gríðarlega mikilvægt bæði vegna starfanna sem til verða og þeirrar ómetanlegu menningarlegu afurða sem verkefnið hefur skapað og mun skapa í framtíðinni með bættu aðgengi almennings að austfirskum ljósmyndaarfi. Þegar ljósmyndavefur verður tilbúinn og aðgengilegur, sem verður vonandi fyrir árslok 2013, mun það ekki aðeins vekja athygli á ljósmyndaverkefninu heldur líka á starfsemi Héraðsskjalasafnsins og mikilvægi þess.

Endurbættur stofnsamningur Héraðsskjalasafnsins tók gildi 1. janúar 2012. Heildarendurskoðun stofnsamningsins var orðin tímabær og var niðurstaðan mjög góð fyrir safnið. Núgildandi stofnsamningur skýrir og skerpir á ýmsu í skyldum og hlutverki safnsins en einnig einfaldar hann stofnanalega umgjörð þess, t.d. hvað snýr að stöðu Bóksafns Halldórs og Önnu Guðnýjar. Þó er veigamest í þessum efnunum að boðleiðir milli Héraðsskjalasafnsins og aðildarsveitarfélaga þess eru skýrari en áður.

Geymslumál safnsins eru við árslok 2012 í betra horfi en þau hafa nokkru sinni verið á undanförunum fimm árum. Gríðalega vinna liggur að baki. Sigrar í þessum efnunum verða þó aldrei annað en áfangasigrar því sífellt bætist við skjalamagnið og því heldur baráttan áfram. Þegar loksins kemur að því að framkvæmdum við Safnahúsið verður framhaldið er brýn nauðsyn að Héraðsskjalasafnið fái meira rými, þ.m.t. meira geymslurými. Það er óhjákvæmilegt að framkvæmdir við Safnahúsið verði hafnar sem fyrst. Húsið liggur undir skemmdum, loftræsti- og hitakerfið er á síðasta snúningi og það rúmar ekki lengur núverandi starfsemi safnanna. Aðstöðuleysi og lítið svigrúm innan hússins eykur hættu á að starfsfólk segi upp og að erfitt verði að fá hæft fólk í þau störf sem losna.

Því er ekki að leyna að umgengni forsvarsmanna sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs við Héraðsskjalasafnið hefur ítrekað valdið undirrituðum vonbrigðum – þó aldrei sem á árinu 2012. Mér finnst mikið vanta upp á skilning og þekkingu hjá sveitarfélaginu á starfsemi Héraðsskjalasafnsins og raunar á mikilvægi safnastarfs yfirleitt. Litlir tilburðir eru til úrbóta í þeim efnum og opinber orðræða um málefni Héraðsskjalasafnsins hefur jafnvel innifalið hreinar rangfærslur um safnið. Af hálfu Fljótsdalshéraðs er því mjög haldið á lofti að sveitarfélagið greiði mest allra aðildarsveitarfélaga til safnsins. Það er vissulega rétt sé einungis litið á framlög. En á móti kemur að Fljótsdalshérað nýtur starfseminnar margfalt á við hin aðildarsveitarfélögin, því hún skapar bæði störf og veltu á Héraði. Á þeim fimm árum sem ég hef verið forstöðumaður hafa skapast alls 10 ársverk (tvö á ári) hjá Héraðsskjalasafninu vegna tímabundinna verkefna sem greidd eru að mestu eða öllu leyti með fjármagni sem sótt er út fyrir starfssvæði safnsins. Fljótsdalshérað hefur notið þess að fá þau störf inn í sveitarfélagið. Vegna þessara verkefna hafa ekki einungis skapast störf heldur hafa á undanförunum fimm árum komið rúmar 39 milljónir inn í rekstur Héraðsskjalasafnsins frá aðilum utan svæðisins. Á sama tímabili hafa rekstrarframlög Fljótsdalshéraðs til Héraðsskjalasafnsins verið tæpar 38 milljónir. Punkturinn yfir i-ið í þessum efnum eru svo tilburðir Fljótsdalshéraðs til einhliða íhlutunar í starfsemi Héraðsskjalasafnsins með óljósum hugmyndum um sameiningu starfa núverandi yfirmanna safnana í Safnahúsinu í eitt starf. Það er ekki að ástæðulausu að undirritaður er tortrygginn gagnvart slíkum hugmyndum og áhrifum þeirra á starfseminna sem nú þegar hefur þurft að þola samdrátt í stöðugildum og verulegan samdrátt rekstrarframlaga undanfarin ár. Árleg rekstrarframlög til Héraðsskjalasafnsins hafa aldrei á sl. fimm árum náð því að krónutölu sem þau voru árið 2008. Samdráttur síðustu ára er því að raunvirði líklega á bilinu 25-30%.

Árið 2012 var síðasta heila starfsár mitt sem forstöðumanns Héraðsskjalasafns Austfirðinga, en um nýliðin áramót voru liðin fimm ár frá því að ég tók við starfinu. Á haustdögum ákvað ég að segja starfinu lausu frá og með áramótum. Þá ákvörðun mína kynnti ég stjórn safnsins og samstarfsfólki í október. Ég mun kveðja samstarfsfólk mitt og núverandi stjórn safnsins með söknuði enda hef ég átt við þau mjög gott samstarf. Á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins þann 22. nóvember tilkynnti ég uppsögn mína formlega og í bókun sem ég lagði þar fram gerði ég grein fyrir ákvörðun minni. Bókunina má sjá í fundargerð aðalfundarins aftar í þessari skýrslu. Mér þykir fara vel á að gera lokaorð bókunarinnar að lokaorðum þessarar síðustu ársskýrslu Héraðsskjalasafnsins sem ég rita:

*Ég er stoltur af starfi mínu fyrir Héraðsskjalasafn Austfirðinga og þeim breytingum sem ég hef átt þátt í að innleiða í starfi þess og starfsumhverfi á síðustu fimm árum. Ég hef ávallt gert mitt besta við að verja hagsmuni stofnunarinnar og efla starf hennar og ég hef lagt mig fram við að halda úti metnaðarfullri starfsemi á tímum þrenginga.*

*Þegar upp er staðið tel ég að þrátt fyrir erfiðar aðstæður skili ég af mér góðu búi til þess sem taka mun við starfi forstöðumanns þegar ég læt af því.*

Hrafnkell Lárússon  
forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga (2008-2013)